

Menningar- og viðskiparáðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 73/2023


Reykjavík, 27. mars 2023

**Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda, sektarákvæði o.fl.)**

Stjórnvöld hafa birt til umsagnar ofangreind frumvarpsdrög. Mál þetta hafði því miður farið fram hjá LL en Gildi lífeyrissjóður vakti athygli undirritaðrar á málinu í dag.

Lífeyrissjóðir sem hafa fullt starfsleyfi eru skilgreindir sem einingar tengdar almannahagsmunum sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Í kaflanum í greinargerð með frumvarpsdrögunum er vísað til þess að haft hafi verið samráð við ýmsa aðila og tiltekið hvað varði ákvæðin um „endurskoðunarnefndir þá snerta þau félög sem teljast einingar tengdar hagsmunum og var haft samráð við fulltrúa reikningsskilaráðs, fulltrúa endurskoðendaráðs, Seðlabanka Íslands (FME), Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.“ LL vilja koma þeirri ábendingu á framfæri að eðlilegt hefði mátt telja með sama hætti að leitað hefði verið samráðs Landssamtaka lífeyrissjóða að því er snertir breytingar sem snúa að félögum sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri